

Ályktun 42. þings BSRB um innri mál BSRB

BSRB eru heildarsamtök 27 stéttarfélaganna starfsmanna sem vinna við almannþjónustu. Hlutverk bandalagsins er að bera fram og vinna að hagsmunamálum meðlima aðildarfélaganna gagnvart atvinnurekendum, íslensku samfélagi og á alþjóðlegum vettvangi. BSRB sinnir fræðslumálum, réttindamálum félagsmanna allra aðildarfélaganna og mótar sameiginlega stefnu þeirra út á við.

Samningsrétturinn er hjá einstökum aðildarfélögum. Það er því þeirra að móta og ákveða stefnu í samningum um kaup og kjör. Þeim er hins vegar í sjálfsvald sett að leita eftir samstarfi og samstöðu með öðrum félögum. Þá geta félögin farið í samningaviðræður undir merkjum BSRB eins og raunin var í samningunum 2008.

BSRB sem heildarsamtök semja um sameiginleg réttindamál félagsmanna s.s. veikindarétt, tryggingar, orlof, lífeyrisréttindi, framlög til styrktarsjóða og starfsmenntunar.

Eitt af vandamálum stéttarfélaganna, jafnt á almennum sem opinberum vinnumarkaði, er lítil þátttaka og áhugaleysi ungs fólks á starfi félaganna. Í BSRB eru um 28% félagsmanna undir 35 ára aldri en þátttaka þeirra í starfi félaganna er lítil. Við þessu þarf að bregðast.

42. þing BSRB leggur til eftirfarandi áherslur í innri málum BSRB:

- Leitast verði við að efla þátttöku ungra félagsmanna innan aðildarfélaganna. Verði það gert með fræðslu, myndun umræðu- og aðgerðahópa og hvatningu til félaganna um að finna ungum stað í stjórnun þeirra. Vinna þarf upplýsingaefni fyrir ungt fólk um réttindi og skyldur á vinnumarkaði þar sem mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar kemur fram. Tekið verði til umræðu skipulag samtakanna. Mótaðar verði hugmyndir um æskilegar skipulagsbreytingar og þjónustu bandalagsins við aðildarfélögin.
- Stofnaðir verði sérstakir málefnaþópar til að vinna að stefnu BSRB í helstu málaflokkum. Málefnaþóparnir leggi fram tillögur fyrir aðalfund BSRB 2011 til nánari umfjöllunar. Stefnan verði svo lögð fyrir 43. þing BSRB árið 2012 til afgreiðslu.